

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

1. *Breyting á deiliskipulagi Kaupþúns, verslunar- og þjónustusvæðis í Urriðaholti.*  
Deiliskipulagsbreytingin nær til allra lóða í Kaupþúni og gerir ráð fyrir breytingum á heildarbyggingarmagni hverfisins og ákvæðum um fjölda bílastæða á byggða fermetra. Byggingarreitir lóðanna nr. 1, 2 og 3 breytast. Heildarbyggingarmagn, stærð og hámarkshæð lóðar nr. 1 breytast. Notkun, byggingarmagn og stærð lóðar nr. 2 breytist úr lóð fyrir veitingastað í lóð fyrir fjölorkustöð/bensínstöð. Gert verður ráð fyrir nýrri lóð fyrir dælustöð OR við aðkomu í hverfið.
2. *Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts–viðskiptastrætis. Urriðaholtsstræti.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að lóðin Urriðaholtsstræti 6-8 stækki til austurs um 691 m<sup>2</sup> og lóðin Urriðaholtsstræti 10-12 og byggingarreitir minnki sem því nemur. Á þeim hluta lóðar sem bætist við lóðina nr. 6-8 koma 10 bílastæði. Lega göngustígs og afmörkun deiliskipulags breytast lítillega við lóðarmörk að Kaupþúni 1.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagsáætlunum hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 29. apríl 2016.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2016